Fylgiskjal 4

22. nóvember 2000

Helga Aðalgeirsdóttir
Vegagerðin
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

**Efni: Hringvegur um Norðurárdal í Akrahreppi í Skagafjarðarsýslu.**

Athugasemdir:

Bls. 8
Við sem erum nákunnugir vatnafari á þessu svæði og byggjum einnig á rannsóknum fiskifræðinga, teljum að Norðurá og aðliggjandi þverár sé langþýðingarmesta hrygningar- og uppeldissvæði bleikju fyrir Héraðsvatnasvæðið allt. Því mótmælum við því harðlega að Norðurá verði stífluð á einum eða öðrum stað vegna virkjana eða annars, enda er framburður það mikill í Norðurá (leir og jafnvel stórgrýti), að slíkt lón mundi fyllast mjög fljótt, jafnvel á einum til tveimur árum ef skriður féllu.
Því leggjumst við alfarið og óhagganlega gegn að Norðurá verði veitt úr farvegi sínum meðfram Silfrarstaðafjalli og að eða á land sem er að gróa upp (Flatatunga og Egilsá, m.a. tún á Egilsá). Á þessari leið er einnig núverandi vegur að Egilsá.

Virðingarfyllst,

Einar Gunnarsson Flatatungu
Guðmundur L. Friðfinnsson Egilsá.

Persónl. athugs.
Væntanleg er álitsgerð frá fyrirhuguðum fundi frá stjórnum Héraðsvatna og Norðurár, en formaður Héraðsvatnadeildar liggur nú sem stendur slasaður á sjúkrahúsi vegna nýlegs rútuslyss í Fljótum í Skagaf. Fundurinn verður haldinn svo fljótt sem auðið verður.

G.L.F.